



Húnabing vestra

Hvammstangi í Húnabingi vestra er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins með um 600 íbúa en íbúar í Húnabingi vesta eru 1.170. Hvammstangi er í alfaraleið, aðeins 6 km. frá Þjóðvegi 1 og í u.þ.b. tveggja klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík og Akureyri. Í Húnabingi vestra er til staðar öll almenn opinber þjónusta auk annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Möguleikar til útivistar, íþróttar, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir og því er Húnabing vestra góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk.

Sviðsstjóri Framkvæmda- og umhverfissviðs

Laust er til umsóknar starf sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs sveitarfélagsins Húnabings vestra. Um er að ræða 100% starf í stjórnslu sveitarfélagsins. Starfið heyrir beint undir sveitarstjóra Húnabings vestra. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs. Sviðsstjóri ber ábyrgð gagnvart sveitarstjóra og sveitarstjórn í öllum störfum sínum og ákvörðunum.

Starfssvið

- Öll verkefni sem lúta að starfi skipulags- og byggingarfulltrúa m.a. veitingu byggingarleyfa
- Sviðsstjóri á setu í framkvæmdaráði sveitarfélagsins ásamt sveitarstjóra, sviðsstjóra fjármála- og stjórnslusviðs og sviðsstjóra fjölskyldusviðs
- Ábyrgð á starfsemi þjónustumiðstöðvar á Hvammstanga, hafnar, eignasjóðs, brunavörnum, fráveitu, hitaveitu, vatnsveitu, umhverfismálum, umferðar- og samgöngumálum, framkvæmda og viðhaldsmálum sveitarfélagsins
- Gerð fjárhagsáætlana í samvinnu við framkvæmdaráð, sveitarstjórn, rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs og aðra starfsmenn sveitarfélagsins eftir því sem við á
- Umsjón með lóðum og lendum sveitarfélagsins
- Ábyrgð og eftirlit með öryggismálum
- Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs er jafnframt starfsmaður skipulags- og umhverfisráðs Húnabings vestra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Próf í rekstrar-, verk-, byggingar- eða tæknifræði sem nýttist í starfi
- Hafi réttindi skipulags- og byggingarfulltrúa
- Reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð
- Leiðtogaþæfni, jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri er æskileg
- Þekking á sviði framkvæmda er nauðsynleg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnslu er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti

Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur um starf sviðsstjóra Framkvæmda- og umhverfissviðs Húnabings vestra er til og með **16. febrúar nk**. Umsóknir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skrifstofu Húnabings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstangi. Öllum umsóknnum verður svarað skriflega. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi Húnabings vestra á heimasíðu sveitarfélagsins **www.hunathing.is**. Nánari upplýsingar um starfið veita Skúli Þórðarson, sveitarstjóri í síma 864-4806 og Leó Örn Þorleifsson, oddviti í síma 864-3939.